

um vináttuheimsókn fulltrúa Alþingis til Grænlandinga.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að senda nefnd fimm alþingismanna í vináttuheimsókn til Grænlandinga á sumri komandi eða næsta ári, eftir því hvernig á stendur fyrir forustumönnum Grænlandinga að taka á móti slíkri heimsókn. Skal þessi alþingisfór til Grænlands farin til þess að koma á meira og betra sambandi milli grænlenzku og íslenzku þjóðarinnar. Skal alþingisnefndinni heimilt að gera í förinni ýmsar ráðstafanir, er orðið gætu til þess að efla menningartengsl og vináttu þjóðanna. Skal þá meðal annars haft í huga, að komin væru á nán kynni og góð samskipti þjóðanna, er að því kæmi að minnst þess, að 1000 ár væru liðin frá því, að Íslendingar fundu Grænland.

Nefndin skal skipuð á þann hátt, að forseti sameinaðs Alþingis sé formaður hennar, en síðan tilnefndur einn þingmaður frá hverjum flokki. Nefndin skal hafa heimild til þess að bjóða vísindamönnum og blaðamönnum með í förina. Kostnaður við heimsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Grænlandingar eru næstu nágrannar vorir. Vér höfum þó haft við þá minni samskipti en við nokkra aðra þjóð, þá er byggir Norðurlönd, sumpart af óviðráðanlegum ástæðum.

Land þeirra, Grænland, er tengt sögu þjóðar vorrar órjúfanlegum böndum.

Íslenzkri þjóð ber því að sýna landi og þjóð Grænlandinga ræktarsemi og vináttu. Þar að auki ber þess að minnst, að þeir eru ein minnsta þjóð heims, og ættum vér manna bezt að skilja, hvernar vináttu og viðurkenningar slík þjóð þarfnast.

Brátt kemur að því, að liðin eru 1000 ár, síðan Íslendingar fundu Grænland og byggðu það. Það væri ánægjulegt að þegar að því kæmi að minnst þess á veglegan hátt, þá væru komin á góð og vinsamleg samskipti milli Grænlandinga og Íslendinga og að þessar þjóðir gætu báðar minnst slíks merkisatburðar með miklum og góðum gagnkvæmum heimsóknum, er væru þá hámark mikilla menningarlegra tengsla.

Þá er og ljóst, að í norrænu samstarfi eiga bæði Færeyingar og Grænlandingar að vera virkir aðilar, sem þær þjóðir, er þar eru fyrir. Ber oss Íslendingum að stuðla að því, að svo megi verða.

Það er rétt, að Alþingi Íslendinga ryðji brautina til vináttu við hina grænlenzku þjóð, til þess lands, er eitt sinn var „í vorum lögum“. Því er hér lagt til, að Alþingi sendi nefnd fimm alþingismanna í vináttuheimsókn til Grænlands í sumar eða næsta sumar, eftir því hvenær forustumönnum Grænlandinga þætti hentugt að taka á móti slíkri heimsókn.

Slík heimsókn þyrfti að vera vel undirbúin af hálfu Alþingis. Það hafa þegar verið gerðar nokkrar ráðstafanir af hálfu Alþingis til þess, að grænlenzkur nemandi gæti lært hér tungu vora og sögu og að Íslendingur lærði grænlenzka tungu. Sendifnefnd Alþingis þyrfti í samráði við ríkisstjórn að geta gert ráðstafanir til þess að auka menningartengsl þjóðanna.

Eðlilegt þykir, að sami háttur sé á hafður um samsetningu slíkrar seudinefndar eins og þá er stærri þjóðir eru heimsóttar, að allir flokkar þingsins fái aðstöðu til að votta viðkomandi þjóð virðingu sína og vináttu. Einnig er sjálfsagt, að blaðamönnum gefist kostur á að vera með í slíkri för, jafnt íslenzkum sem grænlenzkum, þar sem slíkt mundi flýta mikið fyrir góðum kynnum, enda sé íslenzkum blaðamönnum gefinn sem beztur kostur á að kynna sögu Grænlands og Grænlandinga, áður en förin er farin. Þá er og alveg nauðsynlegt, að nokkrir íslenzkir vísindamenn, ekki sízt sagnfræðingar, séu með í slíkri för, enda hafa þeir sýnt mikinn áhuga á að efla að nýju kynni þessara nábúþjóða.